

Fundargerð

9. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 17. september 2006, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Gestur Guðjónsson Gunnar Sigurðsson, Hörður Sverrisson, Stefán Jónasson og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð 8. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál.

- Vígslumót 28. janúar – Lokauppgjör lagt fram.
Tæplega 120 þúsund króna hagnaður var af mótinu skv. uppgjörinu.
- Styrktarsamningar. Rætt.
- Frjálsíþróttablaðið. Lagðar fram hugmyndir Jónasar Egilssonar, ritstjóra Frjálsíþróttablaðsins um skipulag vegna útgáfu blaðsins í framtíðinni.
- Samþykkt að fara af stað með staðbundið tilraunaverkefni vegna Mekisberaverkefnissins. Ákvörðum um framhald verkefnissins verði tekin með hliðsjón af árangri af því.

3. 60. ára afmæli FRÍ á næsta ári.

Samþykkt að leita til fyrrverandi formanna FRÍ um að taka sæti í afmælisnefnd FRÍ vegna 60. ára afmælis sambandsins 16. ágúst á næsta ári. Formaður hefur samband við fyrrverandi formenn.

4. Fundir, námskeið og ráðstefnur.

- Skýrsla frá “European Youth Forum í Götaborg” í ágúst sl. Frestað.
- Lögð fram skýrsla framkvæmdastjóra frá Norðurlandafundi framkvæmdastjóra, sem fram fór í Osló í sl. mánuði.
- Styrkur vegna námskeiðs EACA í Dublin 11.-12. nóv. nk.
Samþykkt að Jón Sævar Þórðarson hljóti styrk EAA á námskeiðið og að Ari Jósavínsson fái greitt námskeiðsgjald og upphald á námskeiðinu.
- Tækninefndarfundur Norðurlanda 10.-11. nóvember nk. í Helsinki.
Samþykkt að Þorsteinn Þorsteinsson sækji fundinn, en hann á sæti í norrænu Tækninefndinni.
- Framboðsmál til stjórnar EAA. Á þingi EAA næsta vor verður kosin ný stjórn og styður stjórn FRÍ framboð Jónasar til áframhaldandi setu í stjórn. Fram kom að formaður Norska frjálsíþróttasambandsins er að íhuga framboð á móti sitjandi formanni EAA og einnig eru Svíar að skoða að framboð til stjórnar. Jónas er eini Norðurlandabúinn í núverandi stjórn EAA.

5. Mótamál.

- Lagðir fram punktar frá fundi hjá ÍSÍ 9. október sl. um ÓL. 2008, ÓL.æskunnar og Smáþjóðaleika á næsta ári. Rætt.
- Samþykkt að halda Mótapiing FRÍ, laugardaginn 18. nóvember nk. kl. 13:00.
- Lögð fram endurskoðuð drög að mótaskrá 2007. Rætt.

- d) Samþykkt að velja þau Írisi Önnu Skúladóttur og Kára Stein Karlsson til þátttöku á NM í Víðavangshlaupum í Fredrikstad 11. nóv. nk. Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari verði fararstjóri og þjálfari í ferðinni.
- e) Á mótþingi EAA í Varna um sl. helgi var samþykkt að bjóða Eistlandi, Lettlandi og Litháen að taka þátt í NM U23 til reynslu 2008 og 2010.
- f) Lagðar fram hugmyndir að skipulagi og framkvæmd á árlegu alþjóðlegu móti hér á landi á komandi árum. Rætt.

6. Lagt fram.

- a) Skýrsla um ráðstefnu um barna- og unglíngaiþróttir á Álandi 2005.
- b) Lögð fram bók sem IAAF gefur út um dómaramál “The referee”.
- c) Lögð fram bók sem Læknanefnd IAAF hefur gefið út “Medical Manual”, en Birgir Guðjónsson, sem sæti á í nefndinni, er höfundur tveggja kafla í bókinni “Infectious Diseases” og “Drugs in Sports/Doping Control”
- d) Lögð fram fundargerð frá Norræna framkvæmdastjórafundinum í Osló frá NFIF.
- e) Hugmyndafræði um “Þjálfunarsetur (ATC) í Laugardal, sem Jónas Egilsson hefur unnið að.
- f) Uppkast af bréfi til félaga vegna boðs um heimsókn frá FRÍ.

7. Innsend mál.

- a) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 9. okt. sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum frá FRÍ vegna skráningarmál íþróttahreyfingarinnar.
- b) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 13. okt. sl., vegna uppgjörs vegna ríkisstyrks til sérsambanda, sem skila skal fyrir 20. nóv. nk.
- c) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 6. okt. sl., um dagskrá námskeiða o.fl. – haust 2006.
- d) Lagt fram bréf frá ÍBR, dagsett 3. okt. sl., um alþjóðaleika ungmenna 20.-25. júní á næsta ári í Reykjavík.

8. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir orlofsdaga á árinu og einnig áætlun um fyrirhugaða orlofsdaga fram til áramóta.
- b) Næsti fundur er fyrirhugaður laugardaginn 18. nóvember kl. 10:00.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.